

# Þingsályktun

## um stefnu í geðheilbrigðismálum til ársins 2030.

Alþingi ályktar að fela heilbrigðisráðherra að fylgja stefnu í geðheilbrigðismálum til ársins 2030 sem byggist á eftirfarandi áherslupáttum:

- Geðrækt, forvarnir og snemmbær úrræði verði grundvöllur geðheilbrigðis einstaklinga. Áherslur til ársins 2030 verði eftirfarandi:
  - Innleiðingu verði lokið á þeim grundvallarpáttum aðgerðaáætlunar um geðræktarstarf, forvarnir og stuðning við börn og ungmenni í leik-, grunn- og framhaldsskólum sem flokkast undir heilbrigðisþjónustu.
  - Innleiðingu þeirra grundvallarpátta í aðgerðaáætlun til að fækka sjálfsvígum á Íslandi frá 2018 sem lúta að heilbrigðisþjónustu verði lokið.
  - Allir landsmenn hafi aðgang að hagnýtum, gagnreyndum og auðskildum upplýsingum um geðrækt, forvarnir og geðheilbrigðisþjónustu.
- Heildræn geðheilbrigðisþjónusta verði samþætt og byggð á bestu mögulegu gagnreyndu meðferð, hæfingu og endurhæfingu. Þjónustan verði veitt af hæfu starfsfólki á viðeigandi þjónustustigum í árangursríku samstarfi við þjónustuveitendur í velferðarþjónustu. Áherslur til ársins 2030 verði eftirfarandi:
  - Þverfagleg mönnun í geðheilbrigðisþjónustu verði í samræmi við þjónustuþörf á hverju þjónustustigi með tilliti til viðfangsefna, hæfniviðmiða, handleiðslu og símenntunar.
  - Stöðum í sérnámi og framhaldsnámi í geðheilbrigðisþjónustu fjölgi í samræmi við þjónustuþörf. Námið mæti kröfum um samþættingu, samvinnu og hæfni.
  - Samhæfing og samvinna einkenni samskipti heilbrigðis-, félags- og barnaþjónustu. Samhæfing og samvinna einkenni samskipti mismunandi þjónustustiga heilbrigðisþjónustu og á milli heilbrigðisstofnana.
  - Þverfagleg teymisvinna einkenni vinnubrögð heilbrigðisstarfsfólks til að tryggja betra aðgengi, gæði, skilvirkni og samfellu í geðheilbrigðisþjónustu fyrir alla án aðgreiningar.
- Notendasamráð og notendamiðuð þjónusta verði á öllum stigum geðheilbrigðisþjónustu. Áherslur til ársins 2030 verði eftirfarandi:
  - Stöðugri þróun og umbótum í málaflokknum verði mætt með Geðráði, breiðum samráðsvettvangi um geðheilbrigðismál, sem hafi bæði ráðgefandi og stefnumótandi hlutverk.
  - Batamiðuð nálgun og valdefling verði lykilþættir í allri nálgun í geðheilbrigðisþjónustu.

- c. Geðheilbrigðisþjónustan verði í auknum mæli veitt í nærumhverfi notanda eða á við-eigandi heilbrigðisstofnun sem starfrækt verði í bataeflandi húsnæði sem standist nútímakröfur sem gerðar eru til geðheilbrigðisþjónustu.
4. Nýsköpun, vísindi og þróun leiði til betri geðheilbrigðisþjónustu og bættis aðgengis. Áherslur til ársins 2030 verði eftirfarandi:
  - a. Almennigur hafi greitt aðgengi að geðheilbrigðisþjónustu óháð búsetu, geti valið um þjónustuleið og nýtt fjarheilbrigðisþjónustu eða aðrar tæknilausnir eftir þörfum.
  - b. Rannsóknir og nýsköpun í þverfaglegri geðheilbrigðisþjónustu verði í ríkum mæli hluti af starfi heilbrigðisstofnana og í virku samstarfi við háskólasamfélagið.
  - c. Efld verði skráning og söfnun upplýsinga um geðheilbrigðismál á Íslandi og stuðlað verði að tryggri meðferð gagna og bættu aðgengi að þeim.

#### **Aðgerðir í framkvæmd.**

Til að hrinda stefnu um geðheilbrigðismál til ársins 2030 í framkvæmd verði gerðar áætlanir um aðgerðir til fimm ára í senn í samráði við helstu hagsmunaaðila. Slíkar áætlanir verði uppfærðar árlega.

Mat á fjárhagslegum áhrifum þingsályktunar þessarar fari fram þegar aðgerðaáætlanir fara í mótun og málsmeðferð.

---

*Samþykkt á Alþingi 15. júní 2022.*